

#### Jarðvinna nálægt háspennuvirkjum Veitna :

Þegar framkvæmdaraðili þarf að vinna í nálægð háspennuvirkja Veitna ber viðkomandi að afla sér upplýsinga um háspennuvirki og lagnir Veitna. Ef um vinnuflokka Veitna er að ræða geta þeir nálgast lagnaupplýsingar í LUKOR en ef um ytri aðila er að ræða skal hann sækja lagnaupplýsingar hjá afgreiðslu OR. Eftir að lagnaupplýsingar hafa verið afgreiddar setja fageftirlitsmenn eða svæðisstjórar sig í samband við ytri aðila og veita þeim leiðbeiningar um hvernig skuli umgangast háspennulagnir Veitna. Svæðisstjórar eða fageftirlitsmenn annast eftirlit með framkvæmdum. Almennt gildir að ekki er heimilt að vinna í nálægð spennuhafa háspennulína eða strengja OR.

#### Jarðvinna nálægt háspennustrengjum og háspennulínunum Veitna:

Ef framkvæmdaaðili eða verktaki þarf að framkvæma jarðvinnu nálægt háspennustrengjum sem eru í eigu Veitna , leggja Veitur áherslu á að farið sé eftir vinnureglum sem hér fara á eftir:

1. Veitur lætur jarðvinnuverktaka í té allar upplýsingar sem til eru um legu strengjanna. Um getur verið að ræða lagnakort, afstöðumælingar eða staðsetningu með hlustun.
2. Jarðvinnuverktaki skal láta eftirlitsmann Veitna vita með góðum fyrirvara áður en jarðvinna í námunda við strengina hefst.
3. Jarðvinnuverktaki má ekki grafa við eða frá strengjunum nema með samþykki Veitna og undir umsjón eftirlitsmanns hennar. Tekið skal mið af því að jarðvinnuverktaki eða Veitna þarf að koma að tækjum til að grafa frá strengjunum (sbr. lið 4).
4. Almennt gildir að ekki er heimilt að framkvæma jarðvinnu í nálægð háspennustrengja meðan spenna er á strengjunum. Við sérstakar aðstæður getur eftirlitsmaður/verktjóri Veitna, í samráði við stjórnstöð Veitna , þó heimilað jarðvinnu nálægt spennuhafa háspennustrengjum. Í slíkum tilvikum skal fulltrúi Veitna vera á staðnum á meðan jarðvinna fer fram.
5. Ekki má sprengja nær strengjunum en 5 m, miðað við sprengistyrk í þéttbýli. Ekki má rippa með jarðýtu nær en í 3 m fjarlægð. Sé nauðsynlegt að fjarlægja klöpp sem er nær strengjunum en 3 m, skal beita handfleygun. Ætíð skal gæta ýtrustu varkárni.
6. Jarðvinnuverktakar eða starfsmenn Veitna grafa frá strengjunum og koma fyrir í þar til gerðum hlífðarbúnaði ef aðstæður krefjast þess. Þegar jarðvinnuverktaki grefur frá strengjunum skal það gert með samþykki Veitna og undir umsjón eftirlitsmanns Veitna. Gæta þarf ýtrustu varkárni í allri umferð tækja við strengina á framkvæmdatíma vegna slyshættu og hugsanlegs tjóns.
7. Jarðvinnuverktakar eða starfsmenn Veitna koma strengjunum fyrir í varanlegri legu að framkvæmdum loknum, þ.e. koma fyrir jarðvír og strengjum, sjá um söndun, lagningu hlífðarhella/borða og aðvörunarborða. Fylling og þjöppun jarðvegs umhverfis strengina skal unnin undir eftirliti Veitna.
8. Jarðvinnuverktakar eða starfsmenn Veitna sem vinna nálægt háspennulínunum Veitna skulu fylgja leiðbeiningum um vinnuvernd R. 5 2014 – Að hífa fólk með krana : <http://www.vinnueftirlit.is/fraedsla/utgefing-efni/fraedslu--og-leidbeiningarit/>

#### Vinna nálægt háspennuvirkjum í eigu annarra en Veitna :

Þegar starfsmenn Veitna eða verktakar á vegum Veitna þurfa að vinna í nálægð háspennuvirkja í eigu annarra en Veitna ber viðkomandi að afla sér upplýsinga um lagnir og vera í sambandi við tengilið viðkomandi raforkufyrirtækis varðandi hvernig standa skuli að vinnu, hvort sem um er að ræða spennuhafa virki eða ekki. Leitast skal við að vera í sambandi við viðkomandi raforkufyrirtæki sem fyrst í ferlinu þannig að ljóst sé tímalega hvernig skuli staðið að málum, t.d. ef gera þarf ráðstafanir til að gera virki spennulaust.

Ef ekki er ljóst hver er tengiliður hjá viðkomandi raforkufyrirtæki getur stjórnstöð Veitna aðstoðað við að finna réttan tengilið.